

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

## Skýrsla umdæmisstjóra til umdæmisstjórnarfundar 13. apríl 2013

### Ágætu Kiwanis félagar,

Í þessari skýrslu mun ég gera stutta grein fyrir því helsta sem hefur verið að gerast frá síðasta umdæmisstjórnarfundum sem haldinn var í janúar síðastliðnum í Hafnarfirði.

### Fundur

12. janúar síðastliðinn var annar umdæmisstjórnarfundur starfsársins haldinn í Hafnarfirði. Þar kom meðal annars fram að Kiwanisklúbburinn Básar tilnefndu félag sinn Gunnlaug Gunnlaugsson sem kjörumdæmisstjóra 2013-2014 sem umdæmisstjórn samþykkti að sjálfsögðu. Einnig var samþykkt tillaga Kiwanisklúbbsins Helgafells að halda umdæmisþing 2015 í Vestmannaeyjum. Fundir Framkvæmdanefndar hafa yfirleitt verið tveir í mánuði og til þeirra boðaðir þeir embættismenn sem þurfa þykir hverju sinni og þau málefni rædd sem upp hafa komið.

### Heimsóknir umdæmisstjóra

Ég hef á þessum tíma heimsótt klúbbana Geysir, Hraunborg, Sólborg, Þyril, Eldfell, Hof, Kötlu, Vörðu, Bása og Dyngju. Til Dyngju fór ég ásamt svæðisstjóra Freyjusvæðis, Snjólfí Fanndal og afhentum við klúbbnum forsetakeðjuna sem gjöf frá umdæminu en Dyngjur voru vígðar í desember síðastliðnum en þá náðist ekki að afhenda þeim keðjuna.

Einherjar boðuðu mig á sinn aðalfund sem var haldinn í lok janúar.

Kiwanisklúbburinn Eldey bauð mér að koma og horfa á forsýningu á Ísgolfinu áður en þættirnir fóru til sýningar í sjónvarpinu. Ég var síðan gestur á Sjávarréttadegi Elborgar sem haldinn var í Flensborgarskóla í mars.

Ég hef setið tvo svæðisráðsfundi á þessu tímabili, hjá Ægissvæðis og hjá Sögu sem var reyndar fjarfundur að þessu sinni, en sú staða kom upp að kjörsvæðisstjóri gat ekki tekið embætti svæðisstjóra að sér og varð því að finnan annan í hans stað.



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

## Húsnæðismál

Frá síðasta umdæmisstjórnarfundi hefur orðið mikil breyting á húsnæðismálanunum. Eins og þar kom fram þá gerðum við bindandi samkomulag um kaup á húseign að Skipholti 50 c. sem stóðst svo ekki þegar til kom. Við höldum því leit okkar áfram og enduðum á því að gera tilboð og kaupa húsnæði á Bíldshöfða 12 í Reykjavík. Húsnæðið er afar glæsilegt á þriðju hæð í lyftuhúsi, alls 162 fm. og var kaupverðið 18 milljónir. Við söluna á Engjateigi 11 fékk umdæmið til sín 11,3 milljónir. Styrktarsjóðurinn átti líka hlut í Engjateigi og fékk út úr sölunni um 1,6 milljón. Stjórn sjóðsins ákvað að halda áfram að fjárfesta fyrir þessa peninga og keypti því hlut í Bíldshöfðanum með umdæminu. Gerður hefur verið samningur á milli Styrktarsjóðsins og umæmisins um að sjóðurinn eigi 8,9 % í eigninni. Umdæmið tók bankalán að upphæð 6 milljónir kr. til 20 ára. Er það von okkar sem að húsnæðismálanum hafa komið að Kiwanisfélagar verði ánægðir með þessi kaup. Enda býður húsnæðið upp á mikla möguleika og stendur Kiwanisklúbbum til boða að halda sína klúbbfundi, stjórnarfundi og annað gegn vægu gjaldi.

## Fjölgunarráðstefna

Helgina 2-3 mars fór fram fjölgunarráðstefna sem haldin var á Hótel Hafnarfirði. Til ráðstefnunar voru boðaðir tveir fulltrúar frá öllum klúbbum á Íslandi en fyrirhugað er að halda aðra fjölgunarráðstefnu í Færeyjum í maí. Áður hafði verið óskað eftir því við alla klúbba að þeir tilnefndu tvo áhugasama féлага sem tilbúnir væru að starfa með útbreiðslu og fjölgunarnefnd í meira en eitt ár. Kjörforsetar og kjörsvæðisstjórar voru einnig boðaðir á ráðstefnuna, en þessa sömu helgi var haldin fræðsla fyrir þessa verðandi embættismenn. Ráðstefnan tókst mjög vel og mæting féлага var góð. Á ráðstefnunni var hópnum skipt upp í tvo hópa og sótti hvor hópur alls fjórar málsstofur þar sem fjallað var um ákveðin málefni. Sem voru, stofnum klúbba, stuðningur við þá og klúbba í erfiðleikum, hvernig höldum við í nýja féлага, konur og ungliðar í Kiwanis og hvernig komum við Kiwanis á framfæri. Í lok ráðstefnunnar voru valdir hópsstjórar úr hverju svæði sem fengu það hlutverk ásamt formanni útbreiðslu -

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

og fjölgunarnefndar og formanni kvennanefndar að vinna úr niðurstöðum frá málstofunum og leggja fram drög að stefnumótun til næstu ára.

Eftir fjölgunarráðstefnuna fengum allir sem hana sátu senda til sín könnun í tölvupósti þar sem fólk var beðið að segja sitt álit á ráðstefnunni og það var afar ánægjulegt að sjá að langflestir voru mjög ánægðir og töldu þörf á að hafa ráðstefnu annað hvert ár að jafnaði þar sem Kiwanisfélagar kæmu saman og ræddu hin ýmsu málefni.

## Landsmót Kiwanis í golfi

Laugardaginn 27. júlí verður landsmót Kiwanis í golfi haldið í Vestmannaeyjum og mun Helgafell sjá um mótið. Hægt verður að skrá sig með því að smella á auglýsinguna um mótið á [kiwanis.is](http://kiwanis.is) eða fara inn á [golf.is](http://golf.is). Vonandi eiga Kiwanisfélagar eftir að fjölmenna á þetta golfmót sem verður á einum flottasta golfvelli landsins.

## Wuppertal, sumarþúðir

Umdæmið fékk leyfi til að senda fjóra unglunga ásamt farastjóra í Kiwanis sumarþúðirnar fyrir ungliða sem haldnar verða í Wuppertal í Þýskalandi í júlí. Þetta eru fimm unglingar úr Bláma sem fara út og var ákveðið að sú elsta í hópnum yrði jafnframt farastjóri. Umdæmið ákvað að styrkja þau um mótsgjaldið sem er 100 evrur á mann.

## Kiwanisumdæmið Ísland – Færeyjar

Í febrúar barst okkur bréf frá heimsstjórn þar sem okkur var tilkynnt að við teljust núna fullgilt umdæmi. Við fáum frest til 5 ára til þess að fjölga í 1000 félag. Ef okkur tekst það ekki og við stöndum í sömu sporum og nú þá getum við sótt um frest aftur.

## Kjörumdæmisstjóri 2014-2015 og þingstaður 2016

Í febrúar var sent út bréf til klubbanna í umdæminu og óskað eftir tilnefningu til kjörumdæmisstjóra 2014-2015. Engin tilnefning hefur borist enn og heldur engin tillaga um þingstað 2016, vonandi kemur eitthvað fljótlega.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

## Erlent samtstarf

Í lok janúar sótti kjörumdæmisstjóri, Dröfn Sveinsdóttir ásamt sínum embættismönnum fræðslu til Prag. Fundur hjá Evrópustjórn var haldinn í Vínarborg um miðjan mars sem ég sótti. Á fundinum var meðal annars samþykkt að við fáum 3.000 evrur í styrk sem við sóttum um vegna fjölgunarráðstefnunar. Í tengslum við Evrópufundinn var haldin mikil hátíð þessa helgi þar sem fyrsti klúbburinn í Evrópu varð 50 ára, Kiwanisklúbburinn Wien Europa 1. Þangað mætti ég ásamt heimsstjórnarmanninum Óskari og hans konu, Konný. Að sjálfsögðu færði ég klúbbum góða kveðju frá umdæminu og gjöf, sem var bók um Ísland.

Evrópuþing verður haldið í Berlín 29. maí til 2. júní og heimsþingið verður svo haldið í Vancouver 27. júní til 30. júní.

## Framboð til Evrópuforseta og Trustee

Þrír eru í framboði til Evrópuforseta og fer kosning fram á Evrópuþinginum í Berlín, þetta eru Ralph Castellan frá Norden, Martin Poesen frá Hollandi og Ernest Schmid frá Austurríki.

Í framboði til Trustee eru tveir þeir Salvatore Constanza frá umdæminu Ítalíu – San Marino og Marcel Kreinenbuhl frá Swiss – Liechtenstein.

Það má geta þess að ég hef verið beðið að vera í kjörnefnd á Evrópuþinginu .

## Nefndarstörf

Það er mjög mikilvægt að nefndir umdæmisins séu virkar og í góðu sambandi við umdæmisstjórn og klúbbana í umdæminu. Nefndirnar fóru vel að stað með sína vinnu og hef ég verið í góðu sambandi við nefndarformenn í vetur. Hér á eftir fáum við að heyra skýrslur frá formönnum nefndanna um hvað hefur verið að gerast hjá þeim.

Hjördís Harðardóttir  
Umdæmisstjóri



*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbodaliða sem hafa að*



*markmiði að bæta heimin með þjónustu í þágu barna*